

Reykjavík, 07.04.2025

Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Beiðni á endurupptöku á ákvörðun Kjaranefndar Reykjavíkur á viðbótareiningum fjármálastjóra Umhverfis- og skipulagssviðs.

Undirritaður fékk þá leiðbeiningu frá Kjaranefnd Reykjavíkur þann 22. janúar sl. að hann gæti óskað eftir endurupptöku borgarráðs á ákvörðunum nefndarinnar nr. 40/2024 og 4/2024. Í tölvupósti frá Kjaranefnd, dags. 22. janúar 2025, bendir nefndin á 9. gr. samþykktar borgarstjórnar frá 20. september 2022 fyrir Kjaranefnd Reykjavíkur en þar segir orðrétt eftirfarandi um málsmeðferð:

„Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvörðanir skal þess gætt að farið sé að stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýsluna. Óski aðili máls frekari rökstuðnings eða beri hann fram kvörtun vegna afgreiðslu nefndarinnar skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar í borgarráði með hliðsjón af skilyrðum 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Telji borgarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal nefndin taka málið upp að nýju.“

Tekið skal fram að undirrituðum hafði ekki verið leiðbeint um þessa málsmeðferðarleið áður.

24. gr. stjórnsýslulaga fjallar um endurupptöku stjórnvaldsákvörðana. Þar kemur fram að aðili máls á rétt á að mál sé tekið á ný til meðferðar ef annað tveggja skilyrða er uppfyllt. Nánar til tekið að ákvörðun hafi byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða að íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hafi byggst á atvikum sem breyst hafi verulega frá því að ákvörðun var tekin. Í tilfelli undirritaðs er um að ræða fyrra skilyrðið, þ.e.a.s. að ákvörðun hafi byggst á röngum eða ófullnægjandi upplýsingum eins og rakið verður nánar hér á eftir.

Undirritaður telur og hefur ítrekað komið því á framfæri við Kjaranefnd að ákvörðun um laun og viðbótareiningar vegna starfa fjármálastjóra umhverfis- og skipulagssviðs verður að byggja á raunverulegu mati á umfangi og álagi starfs hans. Gera verður kröfu um að Kjaranefnd sinni rannsóknarskyldu sinni hvað þetta varðar. Ekki er fullnægjandi eða ásættanlegt að Kjaranefnd beri fyrir sig viðbótareiningakerfi sem bindi hendur hennar, enda bjó nefndin sjálf til kerfið og tók ekki tillit til andmæla sem undirritaður og aðrir sendu vegna þess. En í þeim andmælum var m.a. bent á að ekki væri litið til fjárhagslegrar ábyrgðar til dæmis ekki tekið nokkuð tillit til viðhalds- eða fjárfestingarverkefna sem eru í umsjón umhverfis- og skipulagssviðs. Hér má til hliðsjónar vísa til héraðsdóms í máli nr. E-3006/2022 þar sem staðfest er að ákvörðun um launakjör stjórnanda hjá hinu opinbera sé stjórnvaldsákvörðun og skuli hún sem slík lúta þeim reglum sem um slíkar ákvörðanir gilda. Kjaranefnd hefur ekki aflað nauðsynlegra upplýsinga og ekki heldur litið til þeirra upplýsinga sem undirritaður hefur aflað og hefur því ekki fullrannsakað málið, sbr.

10. gr. stjórnsýslulaga, eða byggt á fullnægjandi upplýsingum við ákvörðun sína. Þannig hefur m.a. komið fram í bréfi Kjaranefndar til sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs dags. 19. október 2022 að fjárhagsleg ábyrgð stjórnenda sé ekki hluti af matskerfinu. Það hlýtur í öllum tilfellum að teljast undarlegt en þó sérstaklega í tilfalli undirritaðs sem er fjármálastjóri umhverfis- og skipulagssviðs og því ljóst að stór hluti þeirrar ábyrgðar sem hann ber er fjárhagsleg og engan veginn hægt að horfa fram hjá þeirri ábyrgð við mat á álagi og umfangi starfsins.

Með vísan til þess sem rakið er hér að framan er hér með óskað eftir að borgarráð heimili endurupptöku á framangreindum ákvörðunum Kjaranefndar á grundvelli 24. gr. stjórnsýslulaga enda ljóst að ákvarðanirnar sem um ræðir eru byggðar á ófullnægjandi upplýsingum þar sem núverandi viðbótareiningakerfi mælir ekki umfang og álag í starfi mínu, sjá meðfylgjandi greinargerð. Undirritaður er einnig tilbúinn til að afhenda frekari gögn svo sem samskipti við Kjaranefnd eða aðrar upplýsingar verði þess óskað.


Hreinn Ólafsson
Fjármálastjóri
Umhverfis- og skipulagssviðs

Greinargerð

Röðun starfs míns í viðbótareiningarkerfinu þarf að taka mið af starfi mínu, umfangi þess og álagi. Álagsþættir eins og þeir hafa verið metnir taka mið að setu á fundum ráða, starfsmannafjölda og stæð sviðsins, samkvæmt bréf Kjaranefndar 23 júní 2020. Það er því ekki hægt að gera ráð fyrir því að þessir mælikvarði á umfang og álag sem felast í starfi fjármálastjóra umhverfis og skipulagssviðs séu rétt metnir þar sem enginn þessara þátta er metinn út frá fjárhagslegri umsýslu og ábyrgð.

Kjaranefnd óskaði eftir upplýsingum um fjárhagslega ábyrgð sem voru afhentar. Nefndin taldi upplýsingar um fjárhagsmálefni ófullnægjandi en leiðbeindi ekki um hvað hafi vantað eða þurft að skýra nánar.

Þá má einnig vitna til bréfs Kjaranefndar frá 20. maí 2021, þar sem segir beinum orðum að fjármálaábyrgð einstakra stjórnenda sé ekki hluti af matskerfinu og því sé notast við aðra mælikvarða. Ástæðan sem gefin er fyrir þessu er að erfitt hafi verið að nálgast fjármálaupplýsingar sviðanna. Eins og fyrir liggur hef ég margsent inn þessar fjármálaupplýsingar og það getur ekki staðist skoðun að ég beri hallann af því að nefndin hafi ekki sinnt sinni rannsóknarskyldu til fulls til mats á starfi mínu.

Fjármálastjóri USK ber fjárhagslega ábyrgð á rekstri, fjárfestingum og viðhaldi eins og fram hefur komið í athugasemdum mínum og sviðsstjóra umhverfis og skipulagssviðs. Þar kemur einnig fram í upplýsingum frá Fjármálasviði, liður 3 í tölvupósti til Kjaranefndar 31. júlí 2020. Þar kemur fram eftirfarandi:

Við mat á umfangi viðkomandi málaflokks er eingöngu miðað við starfsmannafjölda, en ekkert tekið tillit til annara fjárhagslegra þátta og verkefna svo sem fjárfestinga og viðhaldsverkefna Reykjavíkurborgar, en stór hluti af starfi mínu felst í umsýslu og fjárhagslegri ábyrgð þessara verkefna. Til að sýna fram á umfang þessara verkefna eru eftirfarandi upplýsingar fengnar úr bókhaldskerfi Reykjavíkurborgar.

Ef skoðaðar eru fjöldi gjaldalína (reikninga) yfir 2. mkr. sem fara í samþykkt hjá fjármálastjóra USK miðað við borgina í heild bæði í aðal- og eignasjóði fyrir árið 2019 kemu í ljós að 1969 gjaldalínur fara í samþykkt hjá fjármálastjóra USK eða um 47,5% af öllum gjaldalínum borgarinnar sem fara í samþykkt yfir 2 mkr, sjá meðf. yfirlit.

Fyrirt. Δ ▼	Eining Δ ▼	201901	201902	201903	201904	201905	201906	201907	201908	201909	201910	201911	201912	Samtals
ES	ESK - Eignaskrifstofa	11	13	14	16	73	14	16	15	14	14	15	15	230
	USK - Umhverfis og skipulagssvið eignasjóður	77	92	87	82	128	168	192	203	154	174	197	279	1833
	VST - Verkefnastofa þróunarmála		1	2				1	2	1	3	4	2	16
ES		88	106	103	98	201	182	209	220	169	191	216	296	2079
RK	FRAML - Framlög til B-hluta fyrirtækis	3	3	4	2	3	3	3	3	3	2	4	4	37
	ITR - Íþróttar- og tómstundasvið	17	19	25	15	24	17	15	17	19	18	25	28	239
	MOF - Menningar- og ferðamálasvið	14	17	14	13	15	21	9	18	17	12	14	15	179
	MOS - Mannauðs- og starfsþróunarsvið		1	1		2	1	1	1	1	1	3	1	13
	RHS - Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu	3	1	5	2	1	2			4	1		4	23
	SFS - Skóla- og frístundasvið	37	44	47	42	56	66	36	31	51	49	65	88	612
	USKRK - Umhverfis- og skipulagssvið aðalsjóður	8	15	11	11	13	6	12	7	14	11	14	14	136
	VEL - Veiféðarsvið	40	40	46	44	54	49	46	38	55	60	51	74	597
	ÞON - Þjónustu- og nýsköpunarsvið	18	14	18	10	8	19	12	9	13	6	18	45	190
	ÖNN - Sameiginlegur kostnaður	10	4	7	5	8	8	6	5	8	9	4	15	89
RK		150	158	178	144	184	192	140	129	185	169	198	288	2115
Samtals		238	264	281	242	385	374	349	349	354	360	414	584	4194

Ef skoðaðar eru upphæðir gjaldfærðra reikninga sem fara í samþykktarferli sjá USK miðað við borgina í heild í aðal- og eignasjóði er niðurstaðan svipuð, samtál fara gjaldfærðir reikningar að upphæð 19.849 mkr. í samþykktarferli hjá USK eða um 46,3% af öllum gjaldfærðum reikningum borginnar í aðal- og eignasjóði, sjá meðf. yfirlit.

Fyrir	Emgö	201901	201902	201903	201904	201905	201906	201907	201908	201909	201910	201911	201912	Samtals
ES	ESK - Eignasjóði	95674155	104514719	108915627	121871284	124957850	99376952	107899069	110808001	109281201	104305497	108371877	99929723	1495888185
	USK - Umhverfis- og skipulagssvið eignasjóður	585002171	795029013	870174600	715458445	1094130742	1608541882	1771053972	1792401446	2321839043	1560946748	1401299402	2408322037	16938700306
	VST - Verkefnastofa þróunarmála		2089590	5477700				2403885	27704750	4504397	9290921	17164680	7968104	76624829
ES		693876326	901633722	964567827	837329838	1419388892	1708920834	1881356928	1931714197	2435405448	1674243188	1528650159	2518219864	18511213100
FK	FRAM - Framfarir til Ekkla fyrsta	271241063	271184527	348156901	193852220	270824594	270824594	271061483	272165387	279273921	257486821	269658921	281538534	3277279066
	ITR - Iðntætti- og tilfærðisvæðing	480189101	198878588	315842587	216587410	188565145	211283863	110287173	221883967	180537201	250792823	254706820	220708356	2830172934
	MOF - Menningar- og ferðamála	185924687	215605713	198370588	199782217	195705995	278999884	121885885	215481681	211281257	187215815	200411836	193209177	2404864445
	MOS - Mannauðs- og starfsþróun		181499	138379		292896	167930	103458	97217	180102	127417	3775880	113356	5180088
	RMS - Sérstök miðlegur stjórnsýsla	12241470	2074590	23383611	17895510	4286600	6000000			12581244	4014487		17065221	99372733
	SFS - Skila- og frístund	271816283	282840380	281207325	288784825	381208809	222091583	215141221	158209977	346370638	388495785	319133634	429733725	3441854183
	USKOK - Umhverfis- og skipulagssvið skóla	305479583	316295434	111648036	307731285	308898484	79582453	317349382	300211000	114590775	318581132	320897882	108824556	2998887802
	VEL - Væðing	337140786	344620442	388300821	388300779	384973976	385014656	386175109	359256109	588902028	431700787	321814587	734039377	5008382847
	WON - Húsnæðis- og vaxta	174089733	109725955	104748559	42351241	23724783	163306471	70588885	65275576	66173688	37772180	116816666	337566759	1382140388
	ÖNN - Samgöngu- og ferðamála	235079112	211487202	221022582	215308824	248771993	233112362	245838304	207822467	238465788	230464142	314779613	401148437	3072810796
TK		2273002008	1932686300	1972810389	1848888311	1888061177	1831383586	1716408450	1800386383	2036566638	2004823589	2152095719	2603883500	24381924940
Samtals		2888878334	2834320052	2857388216	2886228150	3408148889	3540304400	3597768378	3732110580	4471972084	3878868737	3878868737	5320303364	42873138040

Eins og fram kemur í meðf. yfirlitum er rekstur USK í tveimur sjóðum, aðal- og eignasjóði sem kallar á aukið flækjustig í fjármálalegri stjórnun sviðsins, þá er í eigasjóði haldið utan um fjárfestingar- og viðhaldsverkefni í verkþókhaldi, sem tengt er eignakerfi bókhaldsins. Fjármálastjóri USK ber ábyrgð á fjárhagslegri ábyrgð fjárfestingaverkefna og að eignfærslur þeirra séu í samræmi við lög og reglur.

Af 4 viðmiðum sem kerfið miðar við eru tvö sem taka mið af fjölda starfsmanna en ekkert viðmið tekur tillit til fjárhagslegrar ábyrgðar eins og áður hefur komið fram í athugasemdum mínum sjá meðf. fylgigögn. Þá hlýtur umfang að skipta töluverðu miklu máli við mat á álag í starfi en sá liður hefur einungis 5% vægi sem ég tel ekki eðlilegt, sjá einnig athugasemdir í meðf. fylgigögnum

Í ljósi þessa tel ég að álag sem fylgir starfi fjármálastjóra USK sé ekki rétt metið og viðbótareiningarkerfi sem stuðst er við gefi ekki rétta mynd af álagi og umfangi sem fylgir starfi fjármálastjóra USK.